Þingskjal nr. __

Flytjandi Hestamannafélagið Sörli

Lagt fyrir _____

Tillaga
65. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Hveragerði 30. og 31. október 2026, skorar á stjórn LH að beita sér fyrir því að settar verði samræmdar reglur um þátttöku keppenda í starfi á mótum með það að markmiði að auðvelda framkvæmd og skipulagningu móta.

Greinargerð:
Til þess að hægt sé að halda mót þarf fjölda fólks til að sinna fjölbreyttum verkefnum, svo sem ritarastörfum, fótaskoðun, þulastörfum og ýmsu öðru. Þessi störf eru að stærstum hluta unnin af sjálfboðaliðum og hvíla oft fámennum hópi fólks sem gefur tíma sinn og krafta til íþróttarinnar.

Á undanförnum árum hefur reynst æ erfiðara fyrir hestamannafélög að manna öll þau störf sem nauðsynleg eru til að halda mót. Þetta getur skapað verulegt álag á þá sjálfboðaliða sem fyrir eru og jafnframt haft áhrif á getu félaganna til að halda mót með reglubundnum og faglegum hætti.

Keppendur eru stór og mikilvægur hluti af hestamannasamfélaginu og eiga því eðlilega að bera ákveðna ábyrgð á því að halda þeirri starfsemi gangandi sem þeir sjálfir njóta góðs af. Þátttaka keppenda í störfum á mótum myndi stuðla að sameiginlegri ábyrgð og létta verulega á því fólki sem í dag sinnir þessum verkefnum í sjálfboðavinnu.

Víða erlendis þekkist það fyrirkomulag að keppendum beri skylda til að leggja ákveðinn tíma í störf á mótum, til dæmis um tvær klukkustundir á hvert mót eða samkvæmt fyrirfram ákveðnu fyrirkomulagi. Slíkt fyrirkomulag þarf ekki að fela í sér mikla byrði fyrir hvern einstakling en getur haft veruleg jákvæð áhrif þegar margir leggja sitt af mörkum.

Markmiðið er fyrst og fremst að tryggja að ábyrgðin dreifist á fleiri og að dreifa álagi. Það er því mikilvægt að horfa á mótin sem sameiginlegt verkefni keppenda, félaganna sem þau halda, sjálfboðaliða og annarra sem koma að íþróttinni. Ef við viljum tryggja öflugt mótahald til framtíðar þurfa fleiri að leggja hönd á plóg. Ábyrgðin getur ekki eingöngu hvílt á fámennum hópi sjálfboðaliða.

Mikilvægt er jafnframt að slíkt fyrirkomulag verði samræmt milli allra hestamannafélaga. Ef hvert félag setur sínar eigin reglur getur skapast óvissa og mismunandi staða t.d. eftir því hvar keppandi stundar íþróttina. Jafnframt mun það verða erfiðara að framfylgja slíkum reglum fyrir hvert einstakt félag ef reglurnar eru ekki samræmdar. Sameiginlegar og skýrar reglur myndu tryggja jafnræði milli keppenda, gera framkvæmdina fyrirsjáanlegri og auðvelda öllum félögum að skipuleggja mannafla á mótum. Með samræmdum reglum yrði þetta sameiginleg ábyrgð okkar allra en ekki verkefni sem einstök félög þyrftu hvert um sig að leysa.

Með því að setja sameiginlegar reglur um þátttöku keppenda í störfum á mótum má skapa sanngjarnt og gagnsætt fyrirkomulag þar sem allir leggja sitt af mörkum. Þannig stuðlum við að því að sjálfboðaliðastarfið verði áfram metið að verðleikum, álagið dreifist betur og tryggt verði að mót geti áfram verið haldin með faglegum og öruggum hætti um allt land.